

Mánudaginn 5. ágústmán.

Nr. 15/1878:

Hið opinbera

gegn

Eypór Felixsyni.

Dómur:

Með því að afbrot það, sem Eypór Felixson er grunaður um og gaf tilefni til að hann var settur í gæzluvarðhald, sem sje hneixlanleg sambúð við kvennmann nokkurn gegn áminningu yfirvalds, getur varðað þyngri hegningu en sektum eða einföldu fangelsi, og með því að framburður 2ja vitna einnig hefur gefið tilefni til að vekja grun um að hann hafi gjört sig sekan í öðrum afbrotum, þá virðist ekki vera næg ástæða til að breyta hinum áfrýjaða úrskurði, heldur ber að staðfesta hann. Eypóri Felixsyni ber einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun þessari, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeradi svo og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi úrskurður á óraskaður að standa. Eypór Felixsyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Hið í dæmda að greiða undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmán.

Nr. 12/1878:

Hið opinbera

gegn

Nikulás Jafetssyni.

## Dómur:

Með dómi kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 27. júnímán. þ. á. er Nikulás Jafetsson, veitingamaður hjer í bænum, dæmdur fyrir að hafa haft veitingahús sitt opið aðfaranótt hins 21. s. m. klukkustund fram yfir hinn fyrirskipaða lokunartíma og veitt, að minnsta kosti einum gesti, toddy, í 3ja kr. sekt til lögreglusjóðs Reykjavíkur þannig, að uppljóstrarmaður fái  $\frac{2}{3}$  af sektarfjenu, en þeim dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Undirrettarstefnan í máli þessu ber með sjer, að það er höfðað gegn hinum kærða fyrir «næturveitingar»; það atriði, hvort veitingahús hans hafi verið opið eða gestir verið þar inni eptir vissan tíma, getur því ekki komið til greina, heldur að eins það, hvort hann hafi veitt gestum eptir þann tíma, er tiltekinn er í fyrirskipuun lögreglustjórans, en hún er ekki fram komin undir málinu. Um þetta atriði er að eins upplýst, að einn gestur hafi verið inni í veitingastofu ákærða kl. 12 $\frac{1}{2}$  áður nefnda nótt, og að þá hafi stadið 2 tóm toddyglös á borði þar í stofunni, en aptur á móti er það ekki upplýst, að þessum gesti nje neinum öðrum hafi verið veitt þar neitt eptir hinn tiltekna tíma.

Með því að þannig ekki er fram komin nein sönnun fyrir, að hinn kærði hafi gjört sig sekan í broti því, sem málið er höfðað út af, ber að dæma hann sýknan af ákærum hins opinbera, og virðist allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, eiga að greiðast úr opinberum sjóði.

Meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Nikulás Jafetsson, á að vera sýkn af

kærum hins opinbera í máli þessu. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 krónur til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 13/1878:

Hið opinbera  
gegn  
Páli Eyjólfssyni.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp 4. júlí þ. á. fyrir lögreglu-rjetti Reykjavíkur kaupstaðar er Páll Eyjólfsson, veitingamaður hjer í bænum, dæmdur í 6 króna sekt, af hverjum  $\frac{1}{3}$  tilfalli lögreglusjóði Reykjavíkur, en  $\frac{2}{3}$  uppljóstrarmönnum, svo og í málskostnað, fyrir það að hann hafi haft 2 gesti í veitingahúsi sínu langt fram yfir fyrirskipaðan lokunartíma, og að þeir síðan hafi komið frá honum, annar mjög ölvaður, og hinn nokkuð drukkinn. Dómi þessum er áfrýjað til yfirdómsins bæði af hendi hins ákærða og hins opinbera.

Þar eð ekki er sannað, að hinir um ræddu 2 menn, er komu í hús veitingamannsins fyrir kl. 11 um kveldið, en fóru þaðan, annar kl. 1 f. m., en hinn kl. 2 f. m. sömu nótt, hafi neytt þar nokkurs meðan þeir voru þar, virðist ekki nægileg ástæða til þess að hinn kærði sje látinn sæta hegningu fyrir kæruefnið í undirrjettarstefuunni, sem einungis er, að eptir skýrslu 2ja næturvarða hafi maður talsvert drukkinn komið út úr veitingahúsinu kl. 1 f. m. og annar kl. 2 þar á eptir einnig ölvaður, og skal þess þar að auki getið, að gestgjafinn og annar af gestunum hefur skýrt frá, að hinn hafi